

# Viðbragðsáætlun Þjónustumiðstöðvar vegna COVID 19 veirunnar

Forstöðumaður skal upplýsa starfsmenn um aðgerðaráætlun sveitafélagsins vegna COVID 19 veirunnar og fylgja eftir með viðbragðsáætlun þjónustumiðstöðvar.

Allir starfsmenn þjónustumiðstöðvar skulu upplýsa yfirmann ef þeir finna fyrir veikindum sem lýsa sér eins og COVID 19 veirusmit og eða hafa verið í samneyti við smitðaða einstaklinga.

Skal forstöðumaður skrá niður veikindadaga samkvæmt tilmælum í viðbragðsáætlun RY.

## Þjónustustig og helstu verkefni þjónustumiðstöðvar:

Þjónustustig áhaldahúss getur raskast ef starfsmenn veikjast. Ef svo fer þá þarf að forgangsraða verkefnum eftir nauðsynleika þeirra. Tryggja þarf að Vatnsveita og fráveita haldist í rekstri með sem minnstri skerðingu.

Helstu verkefni þjónustumiðstöðvar eru.

- Rekstur vatnsveitu
- Rekstur fráveitu
- Rekstur ljósleiðarakerfis
- Snjómokstur innanbæjar á Hellu og við skóla og leikskóla.
- Viðhald fasteigna sveitarfélagsins og tengdra byggðasamlaga.

## Forgangsröðun verka:

Forgangsröðun verkefna skal vera þannig háttað að hugað sé að heilsu og velferð íbúa, t.d. skal vatnsveita og fráveita hafa forgang ef til bilana kemur. Leitast skal við að viðhalda ljósleiðarakerfi þar sem það er burðastólpi í fjarskiptaneti sveitarfélagsins.

Snjómokstur á aðalleiðum sem tryggir íbúum aðgengi að verslun og heilbrigðisþjónustu. Þjónusta við snjómokstur frá heilbrigðisstofnunum, skólum og leikskólum meðan heimilt er að hafa opið.

Önnur verkefni verða leyst eftir því sem mannaflí leyfir.

## Staðgengill og verkaskipting.

Guðni G. Kristinsson er staðgengill Forstöðumanns eigna- og framkvæmdasviðs við forföll.

Allir starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa reynslu og þekkingu til að sinna þeim störfum sem að á borði þjónustumistöðar er. Munu þessir aðilar ganga í þau tilfallandi störf og leysa af þar sem þörf gæti skapast.

## Hreinlæti og þrif

Til að forðast smitleiðir skal brýna fyrir starfsfólki að viðhafa hreinlæti í sínum störfum.

Í þjónustumiðstöð skal forstöðumaður sjá til þess að allar almennar hreinlætisvörur séu tiltækar, þar á meðal;

- Handsápa
- Handþurrkur
- Handspritt
- Hreinsilögur til sóttreinsunar
- Einnota hanskar

Brýna skal fyrir starfsmönnum að viðhafa skal handþvott og nota handspritt ásamt því að hreinsa áhöld, hurðarhúna handrið og borð til að minnka áhættu á smitleiðum.